

Wise

50% konur í stjórnunarstöðum

Wise hlaut titilinn Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2017 hjá VR og hefur á sviði upplýsingatækni vakið athygli fyrir hátt hlutfall kvenna sem starfa hjá fyrirtækinu. Wise var einnig kosið samstarfsaðili ársins hjá Microsoft fyrir nýsköpun og framúrskarandi lausnir.

Umsjón kynningar: Hrund Hauksdóttir

Myndir: Geir Ólafsson



Það er sannur heiður að vera valin samstarfsaðili ársins og er þetta í fjórða skiptið sem fyrirtækið hlýtur þessa útnefningu. Við erum stöðugt að þróa og auka úrval sérlausna okkar og má þá sérstaklega nefna áskriftarleiðir fyrir sjávarútveginn og sveitarfélög og NAV í áskrift.

Lausnirnar eru sveigjanlegar og henta fyrirtækjum af öllum stærðargráðum. Við leggjum metnað okkar í að veita góða þjónustu ásamt því að aðlaga okkur að þörfum viðskiptavinarins eins og kostur er," segir Margrét Erla Eysteinsdóttir, framkvæmdastjóri þjónustu- og ráðgjafarsviðs Wise.

Wise hlaut titilinn Fyrirmyndarfyrirtæki 2017 hjá VR í ár og var í röð fimmtán efstu af stærri fyrirtækjum landsins. Þau fyrirtæki sem ná inn á listann eru samkvæmt VR talin sinna starfsmannamálum á skilvirkan hátt og halda vel utan um mannauð sinn.

Wise hefur haft það að leiðarljósi að gera vel við starfsfólk sitt með sveigjanlegum vinnutíma, góðu starfsumhverfi og góðum starfsanda sem skilar sér í aukinni starfsánægju.

Spennandi tækifæri fyrir konur jafnt sem karla

„Tækninni fleygir fram og hefur nýsköpun og þróun aldrei verið eins hröð. Því skapast spennandi tækifæri sem henta konum ekki síður en körlum. Almennt er hlutfall kvenna hjá fyrirtækjum í upplýsinga-



Sigríður Helga Hermannsdóttir, framkvæmdastjóri þróunar- og hugbúnaðarsviðs, Margrét Erla Eysteinsdóttir, framkvæmdastjóri þjónustu- og ráðgjafarsviðs, og Steinunn Ragna Hjartar fjármálastjóri.

tækni lægra en karla og til þess að breyta því þarf að leggja áherslu á að fá fleiri konur til að mennta sig á þessu sviði," segir Sigríður Helga Hermannsdóttir, framkvæmdastjóri hugbúnaðar- og þróunarsviðs.

Jafnréttisáætlun hefur mikið vægi

Fjölbreyttari menntun, virðing og jafnréttisáætlun er líklegast það sem hefur haft mest að segja varðandi stöðu kvenna innan atvinnulífsins á síðustu árum. Wise hefur unnið að jafnréttisáætlun og sést það á tölum um hlutfall kvenna hjá fyrirtækinu. Hjá Wise starfa um 80 manns og er hlutfall

kvenna 45% í heildina. Í framkvæmdastjórn eru þrjár konur af sex stjórnendum og gegna þær stöðum framkvæmdastjóra þróunar- og hugbúnaðarsviðs, þjónustu- og ráðgjafarsviðs og fjármálastjóra.

„Wise leitast við að greiða konum og körlum sömu laun fyrir sambærileg störf en við höfum ekki enn farið í formlega jafnlaunavottun," segir Steinunn Ragna Hjartar, fjármálastjóri Wise.

Virk í félagasamtökum

VERTOnet er félagasamtök sem verið er að stofna og tekur Wise þátt í því. Félagið er hugsað sem regnhlífarsamtök

utan um önnur félög kvenna sem fyrir eru í upplýsingatækni. Markmiðið er að styrkja tengslanetið, fræða hver aðra og hvetja konur áfram sem vilja ná frama í tæknigeiranum. Stofnfundur félagsins er áætlaður í haust. Wise tók einnig þátt í stofnun samtakanna KIS árið 2013 (Konur í sjávarútvegi) sem telja nú á annað hundruð kvenna. ^{TV}

„Wise hefur unnið að jafnréttisáætlun og sést það á tölum um hlutfall karla og kvenna hjá fyrirtækinu.“